

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

27. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS
KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2024, föstudaginn 15. nóvember kl. 8:30, var haldinn 27. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Aníta Björk Pálínudóttir, Jónas Ólafur Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

- Skýrsla sveitarstjóra fyrir 27. fund sveitarstjórnar

Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.

Varðandi samgöngumál var það eftirtektarvert á fundi frambjóðenda NV-kjördæmis að afgerandi stuðningur við gerð Álftafjarðagnga sem fyrsta jarðgangakost á Vestsfjörðum með vísan til öryggisþáttar. Athygli vakti að oddvitar Miðflokks og Framsóknarflokks tóku ekki skýra afstöðu í þá átt. Súðavíkurreppur mun óska eftir skýrum svörum frá viðkomandi framboðum um þær hugmyndir sem þeir hafa um næsta kost í jarðgangagerð á Vestfjörðum.

Með vísan til erindis frá Stígamótum leggur sveitarstjórn til styrk að fjárhæð 100.000.-

Erindi vegna ljósleiðaratengingar vísað til skipulag-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar.

- Fjárhagsáætlun Súðavíkurrepps 2025 – fyrri umræða

Fyrri umræðu um fjárhagsáætlun lokið með viðunandi niðurstöðu í afkomu ársins. Að lokinni fyrri umræðu gefur samstæðan um 68 mkr. tekjuafgang að teknu tilliti til þeirra framkvæmda sem fyrirsjáanlegar eru.

Valgeir Scott vék af fundi kl. 12:00.

Stefnt er að síðari umræðu föstudaginn 13. desember 2024.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:43



Bragi Þór Thoroddsen



Aníta Björk Pálínudóttir



Jónas Ólafur Skúlason

Eiríkur Valgeir Scott



Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti